

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 — 1982

2. mars 1982.

9

Nr. 7.

LÖG

um breyting á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyting á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og breyting á lögum nr. 81 21. des. 1981.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau, ásamt öðrum gildandi breytingum, inn í lög nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og gefa lögin út þannig breytt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi framleiddu á fyrstu fjórum mánuðum ársins 1982 nema 3,575%.

Tekjur af gjaldinu skiptast sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs, áhafnadeildar	32,3%
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja:	
a) Til greiðslu á hluta af váttryggingarkostnaði fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	30,8%
b) Til aldurslagatryggingar til úthlutunar samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	4,6%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs:	
a) Til Fiskveiðasjóðs	27,7%
b) Til Fiskimálasjóðs	1,2%
4. Til sjávarrannsóknna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	1,6%
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0,9%
6. Til samtaka sjómanna	0,9%

Samtals: 100,0%

Ákvæði til bráðabirgða II.

Í stað orðanna „til 31. desember 1981“ í niðurlagi 3. gr. laga nr. 81 21. desember 1981, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl., komi orðin: til 1. maí 1982.

Gjört í Reykjavík, 2. mars 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.